



# REGLUR UM AFGREIÐSLU UMSÓKNA UM SKAMMTÍMADVÖL OG VERKLAG

## 1. gr.

### Markhópur og markmið

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. „Fötluð börn og ungmenni eiga rétt á skammtímadvöl utan heimilis þegar þörf krefur“.

Þjónusta skammtímadvalar er tímabundin þjónusta ætluð fötluðum börnum og fullorðnum sem búa í foreldrahúsum.

Þjónustunni er ætlað að léttja álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í foreldrahúsum. Fötluð ungmenni og fullorðnir, sem búa í foreldrahúsum, skulu einnig eiga kost á skammtímadvöl með það markmið að léttja álag af fjölskyldum þeirra og veita einstaklingnum tilbreytingu eða til að undirbúa flutning úr foreldrahúsum.

Í skammtímadvöl skal veitt umönnun, gæsla og þjálfun þar sem það á við.

## 2. gr.

### Framkvæmd þjónustunnar

Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar skipuleggur og sér um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli þjónustusamnings við Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest). Allir íbúar á þjónustusvæði BsVest eiga rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

## 3. gr.

### Skipulag þjónustunnar


Skipulag skammtímadvalar er með þeim hætti að ákveðið er fyrirfram hvernig þjónustunni er háttað á ákveðnum tímabilum. Tímabilin eru 1. janúar - 15. maí, 16. maí - 31. ágúst og 1. september til 31. desember, þjónustan er endurskoðuð fyrir hvert tímabil.

Skammtímadvöl getur verið tvenns konar:

- I. Reglubundin dvöl samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun.
- II. Bráðavistun sem er tímabundin dvöl samkvæmt ósk og ákvörðun hverju sinni til að léttja álagi af fjölskyldum t.d. vegna óvæntra áfalla í fjölskyldum.

Ekki er litið á ferðalög og önnur leyfi fjölskyldunnar, sem hægt er að skipuleggja með fyrirvara, sem bráðavistun. Slík tilvik skal reynt að leysa ef hægt er innan skipulags skammtímadvalar án aukningar mannafla.

Ákvörðun um dvalartíma er byggð á einstaklingsmiðuðu mati á þörf fyrir þjónustu. Viðmið um hámarksþjónustu fyrir einstakling er önnur hver vika eða fjórtán dagar í mánuði. Einstaklingur getur þannig að hámarki dvalið í skammtímadvöl u.þ.b. 10 virka daga í mánuði og aðra hvora helgi. Ekki er boðið upp á meiri helgarvistun í mánuði en aðra hverja helgi, eða fjóra daga.



#### **4. gr.**

##### **Ferill umsókna og mat á þörf**

- a. Umsókn um skammtímadvöl berst viðkomandi félagsþjónustusvæði á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur mat umsækjenda/aðstandanda á þörf fyrir tíma í skammtímadvöl. Á eyðublaðinu skal koma fram að með undirskrift sinni samþykki umsækjandi/aðstandandi að félagsþjónustan leiti frekari upplýsinga um þjónustubörf hjá fagmönnum sem til þekkja.
- b. Starfsmenn félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags meta þörfina. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að umsóknin barst. Tryggja skal að allar upplýsingar sem geta haft áhrif á afgreiðslu umsóknarinnar liggi fyrir við mat á þörf fyrir þjónustu.
- c. Verkefnahópur BsVest fær umsóknina með fylgigögnum og umsögn frá félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Verkefnahópurinn ákvarðar um veitingu þjónustunnar innan fjögurra vikna frá því að umsókn barst.
- d. Við afgreiðslu umsókna skulu börn í umönnunargreiðsluflokkum Tryggingastofnunar ríkisins 1 og 2 og fullorðnir í stuðningsflokkum SIS 12 eða hærrí njóta forgangs. Þegar ekki er hægt að verða við öllum óskum umsækjenda skal leitast við að forgangsraða umsóknum og leysa fyrst vanda þeirra sem metnir eru í brýnustu þörf.
- e. Umsækjendur skulu fá skriflegt svar um afgreiðslu. Í svari skal koma fram hvort um samþykktu dvöl sé að ræða eða hvort umsækjandi sé kominn á biðlista eftir skammtímadvöl. Ef umsókn er synjað skal fylgja rökstuðningur synjuninni og bent á áfrýjunarleið.
- f. Eftir að hafa fengið jákvætt svar um skammtímadvöl skal boða umsækjanda/aðstandanda á fund með forstöðumanni skammtímadvalar til undirbúnings þjónustunnar. Þar er m.a. ákveðið hvernig aðlögun skuli háttað, farið yfir skipulag þjónustunnar, samning um vasapening, samskipti við aðstandendur o.fl.
- g. Gerður skal samningur um þjónustuna. Allir þjónustusamningar eru tímabundnir og miðaðir við eitt tímabil í starfsemi skammtímadvalar.
- h. Stöðufundur skal haldinn með forstöðumanni skammtímadvalar og aðstandanda og/eða hinum fatlaða eigi síðar en mánuði eftir að dvöl hefst og mat lagt á þjónustuna.
- i. Áður en þjónustusamningur er endurnýjaður fyrir næsta tímabil skal lagt mat á hvernig þjónustan hefur gengið og ákvörðun tekin um áframhald. Ef breytingar verða á skipulagi skulu þær lagðar fyrir verkefnahóp BsVest.

#### **5. gr.**

##### **Málskot**

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann skotið ákvörðun verkefnahóps BsVest til umfjöllunar hjá Úrskurðarnefnd velferðarmála, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu, 150 Reykjavík. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst ákvörðunin.



**6. gr.  
Gildistími**

---

Dagsetning og staður

---

Pétur G Markan formaður

---

Daníel Jakobsson

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Friðbjörg Matthíasdóttir

---

Baldur Smári Einarsson

---

Ingibjörg Benediksdóttir



**Byggðasamlag**  
**Vestfjarða**  
um málefni fatlaðs fólks